

Leikskólinn Sólvellir, Seyðisfirði

Skólanámskrá Sólvalla

Ritstjóri: Jóhanna Thorsteinson
9. ágúst 2015

1. NÝ AÐALNÁMSKRÁ FYRIR LEIKSKÓLA.....	4
LÖG UM LEIKSKÓLA OG MARKMIÐ	4
SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLANIR	4
2. SÝN Á LEIKSKÓLASTARF	5
FRÆÐILEGAR KENNINGAR	5
<i>Eric Erikson (1902-1994)</i>	5
<i>Lev Vygotsky (1896-1934)</i>	6
<i>Jean Piaget (1896-1980)</i>	6
STARFSHÆTTIR Í LEIKSKÓLA.....	7
3. LEIÐARLIÓS LEIKSKÓLASTARFS.....	7
4. STEFNA SÓLVALLA.....	8
LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI	8
<i>Heildtæk skólastefna</i>	9
<i>Snemmtæk íhlutun</i>	9
LEIKUR OG NÁM	10
NÁMSUMHVERFI	10
AGI.....	10
LEIÐIR Í UPPELDISSTARFI.....	11
5. NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA.....	12
LÆSI OG SAMSKIPTI.....	12
<i>Málrækt</i>	12
<i>Samvera</i>	13
<i>Val</i>	13
<i>Ritmál sýnilegt – leyndardómur letursins</i>	13
<i>Elstu barna verkefni</i>	14
<i>Umhverfislæsi</i>	14
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN	14
<i>Máltíðir</i>	14
<i>Svefn og hvíld</i>	14
<i>Hreinlæti – persónuleg hirða</i>	15
<i>Umgengni</i>	15
<i>Hreyfing - útvíst</i>	15
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI	15
<i>Útinám</i>	16
SKÖPUN OG MENNING.....	16
<i>Hópavinna</i>	16
<i>Myndmennt</i>	17
<i>Sagnaarfur – íslenskar barnabókmenntir</i>	17
<i>Tónlist</i>	17
<i>Upplýsingatækni og stafrænir miðlar</i>	18
<i>Menning og samfélag</i>	18
<i>Samstarf við nærsamfélagið</i>	18
6. FORELDRAR OG LEIKSKÓLINN.....	19
7. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	19
ALMENNT ÞROSKAMAT:.....	20
MAT Á FÉLAGSFÆRNI OG LÍÐAN BARNIS Í LEIKSKÓLA:	20
MAT STARFSMANNA Á LEIKSKÓLASTARFINU:	20
MAT FORELDRA Á LEIKSKÓLASTARFINU:.....	20
8. LOKAORÐ.....	21
<i>Fylgiskjal 1</i>	22
<i>Fylgiskjal 2</i>	23

1. Ný aðalnámskrá fyrir leikskóla

Með nýjum lögum um leikskóla nr 90/2008 og nýrri aðalnámskrá sem var gefin út árið 2011 var sleginn nýr tónn í leikskólastarfi á Íslandi. Í hinni nýju aðalnámskrá er almenni hlutinn sameiginlegur með aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Aðkoma og hlutverk foreldra að leikskólastarfinu er eflað til muna. Um leið eru gerðar kröfur um fjölbreyttara mat á námi og framförum sérhvers barns. Við endurskoðun gildandi skólanámskrár leikskólans Sólvalla þarf að skýra ýmsa þætti í leikskólastarfinu betur, gera aðkomu foreldra meiri og auðveldari og innleiða nýjar áherslur í námsmati og mati á líðan og velferð sérhvers barns. Aðalnámskrá leikskóla er gefin út af menntamálaráðuneytinu og er ígildi reglugerðar. Hún er stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga og fyrirmælum fræðslufirvalda um menntastefnu á Íslandi.

Með aðalnámskrá er settur rammi um allt leikskólastarf í landinu. Aðalnámskrá lýsir þeim aðbúnaði sem leikskólabarnið á að búa við og námi og kennslu sem á að fara fram í leikskólum landsins. Innan þessa ramma hafa verið þróaðir sex grunnþættir menntunar sem eru kjarni menntunarstefnunnar. Grunnþættir menntunar eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*.

Lög um leikskóla og markmið

Í lögum um leikskóla frá 2008 eru leikskólar skilgreindir sem fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og eru fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Í nýjum leikskólalögum segir að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vistmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins, svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.” (lög um leikskóla nr 90/2008)

Í 13.grein laga um leikskóla nr. 90/2008 er fjallað um aðalnámskrá sem menntamálaráðherra setur leikskólunum að vinna eftir. Ný og endurskoðuð aðalnámskrá tók gildi árið 2011. Í 14.grein leikskólalaganna er fjallað um skólanámskrár og starfsáætlanir leikskóla. Jafnframt er í lögnum ákvæði um útgáfu skólanámskrár fyrir hvern leikskóla, sem byggir á gildandi aðalnámskrá hverju sinni.

Skólanámskrá og starfsáætlanir

Í 14.grein laga um leikskóla nr 90/2008 er fjallað um skólanámskrár og starfsáætlanir. Leikskólar skulu gefa út skólanámskrá og ber leikskólastjóri ábyrgð á útgáfu hennar.

Skólanámskrá á að taka mið af [skólustefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar](#) frá árinu 2010 og sérstöðu leikskólans. Leikskólastjóri gefur út starfsáætlun á hverju ári, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru því er varðar starfsemi leikskólans.

Jafnframt eru ákvæði um að bæði skólanámskrá og starfsáætlun skuli staðfestar af fræðslunefnd, að fenginni umsögn foreldraráðs og skulu þær kynntar foreldrum.

2. Sýn á leikskólastarf

Bernskan er sérstætt þroskaskeið. Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði um nám og þroska ungra barna. Hugsmíðakenningar eru lagðar til grundvallar öllu uppeldis- og skólastarfi. Þessar kenningar ganga út á það hvernig barnið lærir og þroskast best.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla og foreldra og heimila barnanna þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stætt í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umhyggja og umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og felst í því að annast um börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfshættir leikskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Fræðilegar kenningar

Í leikskólanum er aðallega verið að vinna með hugsmíðakenningar (constructivism) og þar eru efstir á blaði Jean Piaget (1896-1980) og Lev Vygotsky (1896-1934). En auðvitað er líka fleira lagt til grundvallar.

Eric Erikson (1902-1994)

Erikson setti fram kenningu um þróun einstaklingsins í aldurstigum frá fæðingu til grafar. Aldurstiggin eru átta og taka fyrstu þrjú aldurstiggin til leikskólaaldurinsins.

Fyrsta skeiðið (von) *grundvallartraust – vantraust (basic trust vs. mistrust)* spannar tímabilið frá fæðingu til 18 mánaða. Þá er meginmarkmiðið að byggja upp og staðfesta traust. Barn sem upplifir stöðugleika, umhyggju og nærveru þess sem er því mikilvægastur þroskar með sér tilfinningu fyrir því að umhverfið sé öruggur staður. Ef öryggið er ekki fyrir hendi, umönnun barnsins er jafnvel tilviljanakennd og það upplifir höfnun fer það að vantreysta umhverfinu. Þetta tímabil er því tímabil trausts eða vantrausts.

Annað skeiðið (vilji) *sjálfræði – skömm (autonomy vs. shame)* spannar 18 mánaða – 3 ára aldurinn. Viðfangsefni barnsins á þessu tímabili er að öðlast aukið sjálfstæði og um leið aukið sjálfræði og það lærir að treysta á eigin vilja og getu. Á þessum aldri er nauðsynlegt að leggja grunn að sjálfstæðri skaphöfn og vilja, og því má ekki leggja of miklar hömlur á sjálfræði barnsins. Ef þetta gengur ekki upp getur barnið farið að fyllast efasemdum um eigin getu og ákvarðanir. Barnið þróar með sér öryggisleysi og skömm.

Þriðja skeiðið (tilgangur), *frumkvæði – sektarkennd (initiative vs. guilt)* spannar aldurinn 3 - 6 ára. Á þessu skeiði þróar barnið með sér færni til að fylgja hugmyndum sínum eftir, skipuleggja og meta verk sín. Um leið er barnið að sýna í auknum mæli vaxandi frumkvæði. Það þróar með sér félagslega færni í samskiptum við önnur börn og lærir smám saman að framfylgja settum leikreglum. Náttúruleg forvitni er afar mikil og fullorðum ber að styðja við og styrkja athafnir sem eru uppbyggilegar og byggja á samskiptum og samvinnu. Ef of miklar

hömlur eru settar í uppeldinu getur afleiðing þess orðið sektarkennd. Öfgar í hina áttina eru agaleysi, þar sem engar hömlur eru settar við hvað er óviðeigandi hegðun.

Erikson taldi að leikurinn væri börnunum nauðsynlegur því í leiknum er barnið að máta sig í hutverk hinna fullorðnu.

Lev Vygotsky (1896-1934)

Rússneski mál- félags- og þróunarsálfræðingurinn Lev Vygotsky setti fram kenningu um félagslegan og menningarlegan þátt þroskans. Hann tengir saman félags- og vitsmunabroska á þann hátt að félagsleg reynsla og tungumálið er grundvöllur í vitrænum þroska barna. Félagsleg reynsla mótar hugsun og túlkun einstaklinga á heiminum. Tungumálið gegnir lykilhlutverki því það er tæki hugsunarinnar. Í félagslegum tjáskiptum barns og fullorðins mótast málið og hin mannlega hugsun. Hann gengur út frá því að barnið búi yfir hæfileikum sem það ráði ekki að þroska án aðstoðar fullorðinna og/eða reyndari félaga. Vygotsky telur leikinn vera félagslegan arf menningarinnar því áhrif menningar verða líffræðilegum þáttum yfirsterkari og sérhver lýsing á þroska barns er lýsing á *nútímabarninu* eins og nútíminn er hverju sinni. Í menntunarlegu og félagslegu tilliti eru eftirfarandi atriði mikilvægust í þroska barna:

- *Í fyrsta lagi* þátttaka barna í tjáskiptum við fullorðna og eldri félaga /fyrirmyndir gefur barni kost á að læra tungumál samskiptanna og nota það síðan til að framkvæma eigin sjálfstæðar athafnir.
- *Í öðru lagi* að fullorðnir skapa aðstæður sem eru hvetjandi og styðja með leiðsögn þegar þeir aðstoða og styðja barnið þar til það ræður sjálft við það að taka ábyrgð á verkefninu.
- *Í þriðja lagi* að þátttaka barna í jafningjahópi hvetur einnig til vitræns þroska þar sem félagar með mismunandi styrk á mismunandi sviðum deila ábyrgð og leysa mál um leið og þeir vinna að sameiginlegu markmiði.

Umhverfið hefur þannig áhrif á þroska barnsins sem og sú menning sem barnið er sprottið úr. Því ríkara sem barnið er af reynslu því auðveldara á barnið með að vera skapandi. Vygotsky setti fram kenninguna um *svæði mögulegs þroska* (zone of proximal development ZPD). Þá er átt við að barnið kemst á eigin færni og reynsu ákveðið langt, en fyrir tilstilli þeirra sem eldri og reyndari eru má potast lengra á þroskaveginum. Um leið og nám hefur farið fram þá breytist ZPD líka og flyst á hærra stig.

Jean Piaget (1896-1980)

Kenningar Piaget byggja einnig á umhverfis og þroskaþáttum. Fyrir honum eru börnin litlir vísindamenn í stöðugri þekkingarleit til að skilja heiminn sem þau lifa í. Í kenningum hans fer barnið í gegnum fjögur stig í vitsmunabroska. Fyrsta stigið er *skynhreyfistig* (*sensorimotor stage*) sem spannar tímenn frá fæðingu til tveggja ára og þá tekur við *foraðgerðarstig* (*the pre-operational stage*). Þriðja stigið er stig *hlutbundinnar hugsunar* (*the concrete operational stage*) frá 6/7 ára til 11 ára og fjórða stigið er stig *formlegrar hugsunar* (*formal operational stage*) sem er frá 11/12 ára og þróast alla ævina.

Leikskólaaldurinn spannar fyrstu tvö stig Piaget. Á skynhreyfistiginu notar barnið skynfæri og hreyfifærni til að skilja heiminn en á því síðara er barnið farið að beita táknbundinni hugsun. Vitsmuna og siðgæðisþroskinn byggist upp á þann hátt að barnið byggir upp þekkingu sína í samvinnu og samvirkni við umhverfið og annað fólk. Ný þekking og nýtt nám byggir ávallt á fyrri þekkingu/námi barnsins.

Þessir kennismiðir leggja áherslu á það sama, þörf barnsins fyrir að læra í gegnum leikinn. Þörf fyrir öryggi, samskipti við jafningjahóp og ekki síst fyrirmyndina og leiðsögnina frá hinum fullorðna. Það sem börn reyna og upplifa hefur bein áhrif á það hvernig þau þroskast. Hugsun og nám er ferill þar sem samvirknin er á milli barnsins og umhverfisins.

Starfshættir í leikskóla

Starfshættir í leikskóla taka mið af þessum hugsmíðakenningum þar sem allt nám fer fram í gegnum leikinn. Í leikskóla fer fram kærleiksrík umönnun og umhyggja fyrir líkamlegri og andlegri velferð barnsins. Hlutverk kennarans er að skapa uppeldisaðstæður og leikrými sem er bæði örvandi og hvetjandi í senn. Í leikjum sínum er barnið yfirleitt að máta sig í hin ýmsu hlutverk og aðstæður fullorðna fólksins í umhverfi þess. Því er mikilvægt að leikskólinn bjóði upp á ríkuleg tækifæri til frjálsra og skapandi leikja, undir handleiðslu kennaranna.

Lýðræðislegir starfshættir eru mjög mikilvægir í leikskólastarfinu og í raun leiðarljós. Slíkar aðferðir krefja barnið um þroskaða hegðun. Það er því mikilvægt að setja skýr mörk um hvað er eðlilegt og hvað er frávik frá því eðlilega. Mál og máltjáning eru eðlilega mjög mikilvægir þættir í allri lýðræðisþátttöku barnanna. Börnin þurfa að setja fram sjónarmið sín og færa rök fyrir þeim. Sjónarmið allra hlutaðeigandi þurfa að koma fram.

Málþroskinn er því mikilvægur þroskaþáttur sem leikskólinn leggur mikla áherslu á. Rannsóknir hafa sýnt að máltjáning 18 mánaða gamals barns getur gefið vísbendingar um gengi í lestri síðar meir. Því meiri orðaforði sem barnið hefur og því flóknari setningagerð sem barnið notar, þess minni líkur eru taldar á lestrarörðugleikum. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að einstakir þættir hljóðkerfisvitundar eins og rím, rytmi gefa sterkar vísbendingar um gengi í lestri síðar meir. Hljóðkerfisvitundin er raunar mikilvægur þáttur í myndun læsis. Hún telst fullþróuð við sex ára aldurinn. Leikskólinn þjálfar hljóðkerfisvitundina bæði í málörvunarstundum, sögustundum og í söng og hreyfisöngvum.

Uppeldi byggir á gildum, dómgreind, viðurkenndri hegðun og samskiptum manna á meðal. Í leikskólanum fer einnig fram menningarmiðlun. Í nútímanum má gera ráð fyrir því að hver einstaklingur framtíðarinnar þurfi fyrst og fremst að öðlast hæfi í skapandi hugsun, frumkvæði, samvinnu og samskiptum. Því er leikskólauppeldi meðal annars fólgið í innlögn þessarar gilda, innleiðingu lýðræðislegra starfsaðferða og máltjáningu.

Þroski barns og þekking á sér stað vegna þess að stöðug samvirkni er á milli barnsins og umhverfisins. Hinir fullorðnu eru fyrirmyndir barnanna og þau samsamast fyrirmyndum sínum. Í samskiptunum barnanna sín í milli eykst félagsleg færni þeirra, samvinna og lífsleikni, enda er hinn fullorðni í hlutverki hins leiðandi uppalanda.

3. Leiðarljós leikskólastarfs

Leikskólinn er fyrsta skólastigið. Á leikskólaaldrinum eru börnin á miklu mótunarskeiði og leikskólaárin eru tími mikilvægs náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Á Sólvöllum er lögð áhersla á að

- uppeldi, umönnun og menntun barnanna myndi eina heild
- sérhvert barn fái hvatninu og viðfangsefni við hæfi
- efla sjálfstraust barnanna með því að nýta styrkleika þeirra og hæfni
- mæta þörfum barnanna fyrir vernd og leiðsögn
- sinna forvarnarstarfi með því að stuðla að velferð barnanna og farsælli skólagöngu
- öll börn fái notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins

- börnunum sé ávallt og í öllum aðstæðum sýnd virðing og umhyggja
- taka börnin sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Helstu leiðarljósín í leikskólastarfinu eru *lýðræði* og *lærdómssamfélag* þar sem allir eru virkir þátttakendur. Samstarf allra, þ.e. barnanna, starfsfólksins, foreldranna og nærsamfélagsins alls er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess. Leikskólastarfið byggist á *jafnrétti*, *virðingu* fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Menntun til *sjálfbærni* endurspeglast í starfi Sólvalla í samstarfi við heimili og nærsamfélag. Starfshættir Sólvalla stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu. Við stuðlum að því að börnin þrói með sér *jákvæða sjálfsmynd* og þau læri að virða sérstöðu og sjónarmið annarra. Allt nám byggist á fyrri reynslu barnanna og reynsluheimi þeirra og þeim sköpuð merkingarbær reynsla. Útikennsla og útinám er snar þáttur í starfi leikskólans. Starfshættir Sólvalla stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi. Börnin fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir sem hvetja til rannsókna og ígrundunar. Við viljum hvetja til *gagnrýnnar hugsunar* og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn. Börnin eru hvött til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni. Kennarar skapa aðstæður fyrir börnin til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafli sitt og sköpun.

Tjáning, frásagnir og málörvun eru dagleg viðfangsefni í leikskólanum. Á Sólvöllum nýtum við þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið. Við leggjum ríka áherslu á *snemmtæka íhlutun* þegar þess gerist þörf.

4. Stefna Sólvalla

Leikskólinn Sólvellir byggir starf sitt á heiltækri skólafestnu þar sem öll börn hafa jafnan rétt til leikskólastarfs. Mikil áhersla er lögð á frjálsan og skapandi leik barnanna. Í slíkum leikjum er mikilvægt að kennarinn sé til staðar, leggi inn í leikinn úrlausnarefni fyrir börnin að vinna með. Kennarinn fylgist með og skráir framvindu leiksins og leggur mat á gæði leiksins og nám sem fer fram í leiknum.

Sjálfsákvörðunarréttur barnsins er mikilvægur. Börnin æfast í lýðræðislegum starfsaðferðum og vinnubrögðum. Haldnir eru fundir um afmörkuð mál sem eru efst á baugi hverju sinni og komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Markmið okkar er að bjóða börnunum upp á aðlaðandi, skemmtilegan og örvandi stað sem vekur hjá þeim gleði, forvitni og frumkvæði og eykur um leið sjálfstæði þeirra og styrkir jákvæða sjálfsmynd.

Daglegar athafnir eins og máltíðir, salerni og hreinlæti, að klæða sig sjálfur fá góðan tíma. Samveru- og söngstundir eru inni í daglegu starfi, sjá fylgiskjal 1, Dagskipulag.

Samvinna leik- og grunnskólans hefur staðið yfir um árabíl. Leikskólinn leggur áherslu á að gott samstarf sé á milli skólastiganna. Börn í elsta árgangi koma reglulega í heimsóknir í grunnskólann og hitta þá kennara og nemendur í byrjendanáminu. Einnig heimsækja grunnskólanemendur leikskólann nokkrum sinnum á ári.

Verkefnavinna á að koma inn á öll námssvið leikskólans; hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem gildi og starfshættir eiga að renna stöðum undir lýðræðislegt samfélag. Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samvinna og jákvæð samskipti kynjanna er leið til jafnréttis
2. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur
3. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólinn starfar eftir eigin jafnréttisstefnu og [jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar](#). Í leikskólanum læra börnin að bera virðingu og umhyggju fyrir öðrum, þau þróa með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna eflist í takt við vaxandi þroska. Reglulega eru haldnir fundir um afmörkuð verkefni og þá þurfa börnin að tjá hug sinn og segja frá viðhorfum sínum. Þau spreyta sig á að rökstyðja sjónarmið sín og þurfa að taka þátt í umræðunni. Á slíkum vinnustundum er mikilvægt að virða rétt allra til þátttökunnar á eigin forsendum óháð kynferði, trúarbrögðum, menningu og uppruna, aðstæðum og vitsmunalegri getu til lýðræðislegra starfshátta.

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk og tekur til alls starfs í leikskólanum.

Heildtæk skólastefna

Heildtæk skólastefna felur í sér að leikskólinn er opinn öllum börnum á leikskólaaldri óháð líkamlegu eða andlegu atgervi. Í leikskólanum á hvert barn að fá tækifæri til að glíma við viðfangsefni sem hæfa aldri, þroska og líkamlegri færni. Kennurum ber að efla félagsleg samskipti barnanna, styrkja samkenndina og efla traust í félagahópnum.

Börn með líkamlegar fatlanir og/eða frávik í þroska fá sérkennslu og stuðning eins og þau eiga rétt á að fá. Skólaskrifstofa Austurlands er greiningaraðili fyrir leikskólann og kemur með leiðbeiningar um hvers konar þjálfun barnið þarfnast og hve mikið og oft það á að fá þjálfun.

Snemmtæk íhlutun

Mikil áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þannig að hægt sé að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum strax og ljóst er að barnið þarfnast sérúrræða. Sérkennslan fer fram í sérstöku sérkennsluherbergi í skólanum og er gjarnan lítill hópur með í sérkennslustundinni til styrktar einstaklingnum sem þjálfunina fær hverju sinni. Einnig fer þjálfun fram í hópavinnustundum og eru hóparnir misjafnlega fjölmennir eftir viðfangsefni hverju sinni, aldri barnanna og þroska þeirra hverju sinni.

Leikskólinn leggur mikla áherslu á samvinnu við foreldra sem byggir á gagnkvæmu trausti. Foreldrar eiga aðild að ákvarðanatöku og tekið er tillit til sjónarmiða þeirra.

Vakni grunur um einhver frávik í líkamlegum eða andlegum þroska er brugðist við því með samtali við foreldra og málið kynnt þeim. Stundum er nóg að foreldrar veiti samþykki sitt fyrir snemmtækri íhlutun á forsendum leikskólans, en ef frávik er mikið er mælt með því að foreldrar samþykki fyrir sitt leyti að beiðni um frekari greiningu sé send til Skólaskrifstofu Austurlands sem tekur þá málið í sínar hendur. Þar starfa sálfræðingar, talmeinafærðingur og kennsluráðgjafi

Markmið með sérkennslu í leikskólanum eru að:

- styðja barnið þannig að það njóti leikskólavalar sinnar sem best
- skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum

Sérkennslan er ávallt samstarfsverkefni heimilis og fjölskyldu barnsins annars vegar og leikskólans hins vegar.

Leikur og nám

Leikurinn er kjarni leikskólastarfsins og jafnframt námsleið barnsins. Í leik fá börn tækifæri til að tjá sig og njóta sín á eigin forsendum, ásamt því að þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

Í frjálsum leik sprettur fram ný þekking, barnið lærir á umhverfi sitt, tjáir hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Í leik skapa börn eigin menningu og taka þátt í lýðræðislegum athöfnum með því að leysa vandamál og svara spurningum sem vakna. Í leik getur barnið verið sjálfstætt og eflt leikni sína og löngun til að afla sér frekari þekkingar auk þess að virkja sköpunarkraftinn. Leikur getur bæði verið markmið og leið í leikskólastarfi, þegar starfsfólk nær að flétta námsvið leikskólans inn í leik barnanna.

Mikilvægt er að leikskólakennari sé til staðar til að veita börnunum öryggi og styðja við nám í gegnum leik. Leikumhverfi þarf að vera fjölbreytilegt og mikilvægt er að gefa börnunum rými og tíma til leiks.

Námsumhverfi

Námsumhverfið í leikskólanum þarf að uppfylla margvíslegar kröfur um öryggi og hreinlæti bæði inni í skólanum og líka í leikgarðinum. Allt skólaumhverfið þarf að taka mið af þörfum leikskólabarnsins. Umhverfið er mikilvægur áhrifapáttur í leikskólanámi barnsins. Skipulag og hönnun leikumhverfisins endurspeglar þau viðhorf og gildi sem leikskólinn byggir á. Við hönnun og skipulagningu leikskóladeilda þarf að taka mið af aldri þess hóps sem mun dvelja á deildinni. Þar koma til þættir eins og markmið leikskólastarfsins, notagildið og fagurfræðilegir þættir. Það sama á við um útileikjasvæðið, en það þarf að hanna og skipuleggja með markmið leikskólans í huga, notagildi og fagurfræðileg sjónarmið.

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margvíslegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, raða, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Á Sólvöllum læra börnin að þekkja aðstæður sem krefjast viðeigandi klæðnar, léttur fatnaður á sumrin, meiri fatnaður á veturna. Þau borða góðar máltíðir úr skólamötuneyti grunnskólans og njóta hvíldar eftir hádegisverðinn.

Hlutverk leikskólakennarans er að skapa fjölbreytt leikjaumhverfi sem vekur forvitni barna og eflir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu.

Agi

Börnum líður best þegar allar leikreglur eru skýrar og barnið veit hvað má og hvað má ekki. Að sjálfsögðu kanna þau til hlítar hve traustur hegðunarramminn er! Agi er nauðsynlegur þáttur í öllu uppeldisstarfi. En „aðgát skal höfð í nærveru sálar“ og það viðhorf lýsir best agastefnu leikskólans Sólvalla.

Strax við fæðingu hafa allir einstaklingar fjórar félagslegar grunnþarfir: a) Að tilheyra, skipta máli og vera virtur einhvers, b) að fá að spreyta sig og njóta skilnings í þekkingarleit sinni og hæfileikum, c) að þróa með sér persónulegt vald og sjálfræði og d) öðlast félagsfærni í daglegum samskiptum og lífsleikni.

Öll hegðun, góð hegðun og miður góð hegðun á sér orsakir. Eitthvað í erli dagsins hefur áhrif á líðan þeirra. Hugtakið jákvæður agi (positive disciplin) sem Jane Nelson hefur rannsakað og skrifað mikið um. Stefnan byggir á svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná

fram leiðréttingu. Jákvæður agi felur í sér að mótaður er skólabragur sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Nokkur grunnatriði við innleiðingu jákvæðs aga eru:

- Færni í félagslegum samskiptum og lífsleikni. Agi sem snýr að ungum börnum felur í sér að ákvarðanatöku er fylgt eftir með góðvild og festu. Með vaxandi þroska eflist færni barnsins í að verða aðili í lausnamiðuðu ferli og setja mörk,
- Jákvæður agi byggir upp samband væntumþykju og virðingu og er jafnframt lausnamiðaður.
- Aðferðin byggir á kennslu, skilningi á orsökum neikvæðrar hegðunar og samskiptum.

Jákvæður agi byggir ekki á refsingum.

Leiðarljósinn í jákvæðum aga gagnvart leikskólabörnum eru *gagnkvæm virðing, skilningur á orsökum hegðunar, virk samskipti, þekking og skilningur á heimi barnsins, áhersla á lausnir, hvatning, vellíðan*. Jákvæður agi er agi sem kennir viðurkennda félagslega færni og lífsleikni án þess að beitt sé refsingum.

Grunnhugtökinn eru *virðing* sem endurspeglar í framkomu hins fullorðna við annað fólk/önnur börn. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu leiðir af sér virðingu og reisu. *Góðvild* felur í sér að börnin eru hvorki skömmuð né niðurlægð með atyrðum. Góðvildin krefst þess að sýnd sé væntumþykja og hlýja í daglegu starfi leikskólans. *Festa* felur í sér að eftirfylgni sé til staðar og áætlunum sé framfylgt.

Á Sólvöllum er lögð áhersla á að börnin tileinki sér einkum þrjú viðhorf:

Ég get (Sjálfstraust). Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa börnin öruggt andrúmsloft þar sem þau geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómur um velgengi eða mistök, rétt eða rangt. Í leikskólanum búa börnin við öruggt umhverfi þar sem þau geta mátað hegðun sína í umburðarlyndu andrúmslofti, uppgötvað hvernig hún snertir aðra og kannað möguleika á breytingum.

Ég tilheyrir og mín er þörf (Að tilheyrir). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa börnin að upplifa það að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega. Í leikskólanum eru sköpuð tækifæri til að láta sínar skoðanir og tillögur í ljós. Börnin læra að þau geta lagt sitt af mörkum við að finna lausnir og geta fylgt völdum lausnum eftir á áhrifaríkan hátt.

Ég hef áhrif (Áhrif). Barnið þarf að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu. Til að svo megi verða þarf umhverfið að vera umbunandi og traust. Í leikskólanum eru skapaðar þær aðstæður að börnin upplifi að mistök eru eðlileg og við lærum af þeim. Við hjálpumst að við að gera betur næst.

Leiðir í uppeldisstarfi

Í leikskólanum er lögð áhersla á skapandi starf og skipulagðan og eða sjálfsprottinn leik barnsins. Kennarinn er í því hlutverki að leggja upp leiksviðið – skapa leikjætækifæri og möguleika til náms í gegnum leikinn. Í leikskólanum er lögð áhersla á uppgötvunarnám sem sprettur af eðlilegri forvitni barnsins og þekkingarleit þess. Í hlutverkaleikjunum er barnið að máta sig við heim fullorðinna og það prófar hin ýmsu hlutverk sem þau þekkja úr eigin reynsluheimi.

Leikskólafræði eru þroskamiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið. Í leikskólanum er lögð rækt við alhliða þroska barnsins, eflum og örvum samspil þeirra. Mál og tjáning er mikilvægur þroskaþáttur sem öll félagsleg samskipti byggja á. Því er sérstaklega lögð áhersla á snemmtæka íhlutun ef grunur er um seinkaðan málþroska. Félagsleg samskipti

og lífsleikni ásamt námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþátta. Í leikskólanum eru lögð inn gildi heilbrigðra lífnaðarháttanna og eru allir starfsmenn fyrirmyndir í þeim efnum.

Leikskólinn setur sér ákveðna áhersluþætti eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með til lengri eða skemmri tíma. Þessar áherslur/markmið eru hluti af starfsáætlun skólans. Hugtökin *virðing*, *hlýja*, *öryggi* og *traust* eru leiðarljós í hugmyndafræði leikskólans í öllum samskiptum. Við erum vakandi fyrir umhverfinu og leggjum áherslu á að ganga vel um náttúruna og bera virðingu fyrir öllu sem lifir.

5. Námsvið leikskóla

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í félagslegum samskiptum við önnur börn. Hlutverk kennarans er að virkja eðlilega forvitni þess styðja eðlilega þekkingarleit þess.

Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Námsvið leikskólans eru: *Læsi og samskipti*, *heilbrigði og vellíðan*, *sjálfbærni og vísindi* og *sköpun og menning*.

Læsi og samskipti

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannglegra boðskipta og félagslegra samskipta. Leikskólaaldurinn er tímabil máltökunnar hjá barninu. Með hugtakinu læsi í leikskóla er fyrst og fremst átt við almennt læsi á samskipti, aðstæður og umhverfi fremur en lestur á texta. Læsi er undanfari og undirbúningur fyrir hið eiginlega lestrarnám.

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Fyrir hinn lesandi einstakling þá tekur hugtakið einnig til talmáls, myndmáls, ritmáls, talna og annarra kerfa tákna. Í leikskólanum öðlast börnin færni í að lesa í umhverfið sitt og nota mál og tjáningu á fjölbreyttan hátt.

Í leikskólanum Sólvöllum er mikil áhersla lögð á málþroska, máltjáningu og málskilning. Orðaforði og setningagerð ungra barna gefur vísbendingar um gengi í lestri síðar meir.

Málrækt

Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Málörvun í öllum daglegu starfi er ríkur þáttur í starfi með öllum aldurshópum í leikskólanum.

Við *máltíðir* og *daglega umönnun* gefast góð tækifæri til viðræðna um allt milli himins og jarðar. Á bleiuskiptaborðinu fer fram einstaklingsmiðuð umhyggja og umönnun þar sem kennarinn á samskipti við barnið og leikur við það um leið og það sinnir barninu.

Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum. Allar daglegar athafnir eru nýttar til að efla og styrkja samskipti eru t.d. í fataherberginu, við matarborðið, í leik, útiveru, leikfimi, samverustundum, leikhópum og hópavinnu. Lögð er áhersla á að tala gott íslenskt mál.

Markmið málræktar í leikskólanum eru að:

- Auka orðaforða barnanna og efla málskilning
- Hvetja börnin til máls og tjáningar
- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum

Á Sólvöllum leggjum við ríka áherslu á að:

- barnið fái tíma, tækifæri og rými fyrir fjölbreytt samskipti við önnur börn og fullorðna, jafnt í stórum sem smáum hópum,
- umhverfið örvi barnið til máls og tjáningar,
- um leið og börnin eiga kost á að tjá sig í samveru og hópavinnu þá læri þau einnig að hlusta hvert á annað,
- barnið geti tjáð skoðanir sínar, tilfinningar og væntingar með viðeigandi orðaforða.

Tákn með tali (TMT) er gjarnan notað við máltíðirnar og tákn fyrir ýmsan mat eru kennd.

Tvítyngd börn fá sérstaklega málörvun á íslensku.

Samvera

Í leikskólanum eru *skipulagðar samverustundir* þar sem daglega fer fram spjall og leitast er við að sem flest börn fái tækifæri til að tjá sig. Þau hlusta á sögur, ýmist frásagnir eða lesnar sögur og ævintýri. Í samverunni er rætt um veðrið og veðrabrigði, dagana, árstíðirnar og börnin eru æfð í að segja frá. Í samverunni er líka verið að leika með tungumálið og vinna með möguleika þess. Börnin spinna sögur, segja fréttir og tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta hverju sinni.

Val

Í *valstundum* vinna þau á fyrirfram skipulögðum svæðum þar sem gert er ráð fyrir sérstöku svæði til hlutverkaleikja, byggingarleikja, mótunar og listsköpunar, æfinga fyrir fínhyrfingar og grófhreyfingar. Börnin ræða um verkefni sín, skipta hlutverkum á milli sín og spinna sögur í tengslum við leikinn. Við listsköpun eru þau nokkur saman í hóp og kennarinn skráir gjarnan á myndverkið um hvað myndin/verkefnið er. Börnin tjá sig um verk sitt.

Í *frjálsa hlutverkaleikum* eru börnin aðendurskapa upplifun sína og reynslu úr heimi fullorðna fólksins.

Opinn leikefniviður gefur margvíslega möguleika til sköpunar í leiknum. Kubbar, sull, sandur, leir og málun eru viðfangsefni sem bjóða upp á mjög fjölbreytta tjáningu barnanna.

Ritmál sýnilegt – leyndardómur letursins

Ritmálið er sýnilegt á deildum. Bækur eru mjög aðgengilegar fyrir börnin. Yngstu börnin hafa aðgang að harðspjaldabókum en þau eldri eru með margvíslegar barnabækur og handbækur um hin ýmsu viðfangsefni. Eldri börnin læra að þekkja stafinn sinn og eru hvött til að skrifa nafnið sitt. Fatahólf og stólar barnanna eru merktir þeim. Hlutir í umhverfinu eru líka merktir. Letrið er læsilegt og hóflega stórt.

Á eldri deild leikskólans semja börnin sögur og setja þær í leikið form. Þau æfa framsögn og tjáningu í leiklistarstundum. Börnin læra þulur og ljóð. Þau deila skoðunum sínum og hugmyndum. Þau afla sér margskonar fróðleiks með heimsóknum á vinnustaði í bænum, vettvangsferðum um bæinn, heimsóknum á bókasafn og sjúkrahús bæjarins.

Þau kynnast menningarheimi annarra barna með erlendan bakgrunn. Við höldum sérstakan tvítyngisdag, skoðum landakort og veltum fyrir okkur hvaðan erlendu börnin komi. Börnin sem hafa farið utan í ferðalög segja frá upplifunum sínum. Við lesum fyrir börnin sögur frá ólíkum menningarsvæðum og ræðum um mismunandi menningu annarra svæða á jörðinni.

Elstu barna verkefni

Sérstakt starf með elstu börnunum á sér langa hefð í leikskólanum Sólvöllum. Starfið miðar að undirbúningi barnanna fyrir grunnskólanámið síðar og felur í sér þjálfun hljóðkerfisvitundarinnar, þekkingu á sjálfum sér og einkennum sínum, umræðum um fjölskylduna og nærumhverfið. Unnið er með ýmskonar hugtök og talnaskilning.

Umhverfislæsi

Á eldri deild leikskólans semja börnin sögur og setja þær í leikið form. Þau æfa framsögn og tjáningu í leiklistarstundum. Börnin læra þulur og ljóð. Þau deila skoðunum sínum og hugmyndum. Þau afla sér margskonar fróðleiks með heimsóknum á vinnustaði í bænum, vettvangsferðum um bæinn, heimsóknum á bókasafn og sjúkrahús bæjarins.

Þau kynnast menningarheimi annarra barna með erlendan bakgrunn. Við höldum sérstakan tvítyngisdag, skoðum landakort og veltum fyrir okkur hvaðan erlendu börnin komi. Börnin sem hafa farið utan í ferðalög segja frá upplifunum sínum. Við lesum fyrir börnin sögur frá ólíkum menningarsvæðum og ræðum um mismunandi menningu annarra svæða á jörðinni.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskólanum er heilbrigði og vellíðan mikilvægur námsþáttur. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess. Leikskólinn gegnir hlutverki forvarna hvað varðar heilbrigðan lífsstíl, hollt mataræði og holl hreyfing. Matseðill hádegisverðarins tekur mið af viðmiðunarmatseðli Lýðheilsustöðvar. Börnin læra að borða allan algengan mat, grænmeti og ávexti.

Í leikskólanum Sólvöllum er lögð rík áhersla á umhyggju fyrir sérhverju barni. Kennarar eru virkir aðilar í leikjum barnanna og um leið fyrirmyndir þeirra. Á Sólvöllum er hvert einstakt barn mikilvægt. Lögð er áhersla á að börnin öðlist samkennd og verði fær um að auðsýna samúð. Rík áhersla er lögð á jákvæð samskipti innan barnahópsins og að starfsmenn temji sér jákvætt viðhorf í öllum samskiptum sínum við aðra starfsmenn, foreldrana og börnin.

Tvisvar í viku eru sérstakar hreyfistundir skipulagðar fyrir tvo elstu árganga leikskólans í íþróttasal Herðubreiðar, auk þess sem verulega aukin áhersla hefur verið lögð á aukið útinám og útikennslu.

Máltíðir

Í leikskólanum er lögð áhersla á að máltíðir séu hollar og næringarríkar. Leitast er við að gera máltíðir að ánægjulegum samverustundum. Við matarborðið gefst góður tími til að spjalla. Borðhald og máltíðir hafa mikið uppeldislegt gildi þar sem gjarnan gefast tækifæri til ýmislegra samræðna. Kennarar matast með börnunum og leggja um leið inn venjur og siði við borðhaldið. Þau læra að leggja á borð og sækja matinn á vagni í eldhúsið. Þau læra að hella í glös, skammta sér á diskana, nota skeiðar, gaffla og loks hnífa þegar þau hafa aldur til. Þau aðstoða hvert annað við að ganga frá eftir matinn eftir því aldur og þroski leyfir.

Skólamötuneyti grunnskólans eldar hádegisverð fyrir leikskólann. Matseðillinn tekur mið af viðmiðunarmatseðli Lýðheilsustöðvar. Á morgnana er heitur hafragrautur og lýsi og ávextir eða grænmetisbiti. Í síðdegishressingu fá börnin ýmist hrökkbrauð eða brauð og álegg. Brauðin eru gjarnan heimabökuð. Grautarleyfar eru gjarnan nýttar í bakstur fyrir síðdegishressingu.

Svefn og hvíld

Eftir hádegisverðinn er næðisstund í allt að klukkustund þar sem börnin eiga kyrrláta stund, hlusta á sögu eða tónlist. Yngri börnin sofa eftir því sem þörf þeirra segir til um og í nánú

samstarfi við foreldrana. Svefnþörf barna er misjafnlega mikil og þarf að taka tillit til þess hvað varðar lengd hvíldarinnar. Á eldri deildum er hægt að koma því við að börnin sofni líka ef foreldrar óska eftir því.

Hreinlæti – persónuleg hirða

Mikil áhersla er lögð á að börnin njóti bæði ástúðar og umhyggju í daglegri umönnun í leikskólanum. Lögð er áhersla á að öll börn njóti einstaklingsbundinnar umhyggju og þau upplifi sig mikilvæga einstaklinga í daglegu skólastarfi.

Hreinlætisþjálfun er einn þáttur í daglegri umönnun. Í góðu samstarfi við foreldra og fjölskyldur eru börnin smám saman vanin á að nota salerni og þvo hendur eftir salernisferðir, sem og fyrir máltíðir og ávallt þegar þörf krefur.

Börnin æfast í að klæðast og afklæðast sjálf og fá þá hjálp sem þau þurfa, eða kalla eftir hverju sinni. Þau smám saman læra að ganga frá fötum sínum í fataherberginu

Þau æfast í að nota hnífapör og matast sjálf. Smám saman læra þau að skammta sér sjálf matinn sinn og ganga frá áhöldum í lok máltíðar.

Leikskólinn leggur áherslu á að börnin geti hvílst eftir þörfum, í samstarfi við foreldrana.

Dagleg umönnun leikskólabarnsins á að fela í sér virðingu við það og hvatningu til vaxandi þroska og færni.

Umgengni

Almenn umgengni er mikilvægur þáttur í uppeldi og menntun leikskólabarnsins. Börnin læra að ganga frá eftir máltíðir, þau æfast í að klæða sig sjálf í og úr fötunum sínum og ganga frá þeim í fatahólfið sitt. Öll umgengni við leikefni við þarf að vera vönduð og eru börnin æfð í að ganga frá eftir nokkun hans. Vönduð umgengni eykur endingu allra hluta.

Hreyfing - útivist

Leikskólinn leggur ríka áherslu á útivist og útinám. Börnin eru daglega í útivist einhvern hluta dagsins. Leikgarðurinn er búinn tækjum til ýmissa hreyfileikja þar sem þau æfa að klifra, hanga og sveifla sér á ráám. Leikskólinn á aðild að útikennslustofu ofan við Botnahlíðina þar sem er góð aðstaða til að æja og kveikja eld í eldstæði.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærinnar er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera okkur kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Í þeirri menntun felst skilningur á samfélaginu, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðarinnar. Sjálfbærni snýst um virðingu við umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð. Sjálfbærni felur líka í sér að skilja við umhverfi sitt, bæði nærumhverfi og ytra umhverfi í jafngóðu ástandi og komið var að því og helst betrubæta það ef mögulegt er.

Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum.

Börn eru fróðleiksfús og beita ýmsum aðferðum til að kanna og skilja umhverfi sitt. Börn nota snertiskyn, bragðskyn, flokkun, samanburð, og gagnvirka hlustun til að öðlast reynslu af umhverfi sínu og þarf að leggja áherslu á samhengi þeirra verkefna sem unnið er með.

Fylgst er með breytingum á gróðri eftir árstíðum, birtu, vatnsrennsli í lækjum, trjám, blómum og fuglum. Ormar, flugur og köngulær eru líka uppspretta hugmynda fyrir náttúruvísindi og listsköpun. Í grenndarkennslu er lögð áhersla á að börn læri að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Við hjálpumst að við að halda leikskólagarðinum hreingum og snyrtilegum.

Hugtökin verndun og virðing eru höfð að leiðarljósi. Hlutverk starfsfólks er að vera til fyrirmyndar í orði og verki og ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Í skapandi starfi eru sóttar ýmsar fyrirmyndir í náttúruna, mynstur, form og litir.

Markmið okkar eru að:

- náttúruvernd sé eðlilegur hluti af daglegu lífi
- börnin læri að virða líf, náttúru og umhverfi
- börnin fái tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi
- efla sköpunargleði og hugmyndaflug barnanna

Útinám

Leikskólinn leggur ríka áherslu á aukið útinám. Börn bæta stöðugt við þekkingu sína og byggja nýja þekkingu á fyrri reynslu og þekkingu. Raunveruleikatengd verkefni eru því mikilvægur þáttur í þekkingarleit barnsins. Útinám miðar að því að börnin fái notið náttúrunnar og ytra umhverfis leikskólans, þau læri að draga ályktanir af því sem þá sjá og reyna sjálf. Þau kynnst ytra umhverfinu á öllum árstíðum og læra að meta hverja árstíð fyrir sig.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og íslenskri þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Hlutverk kennarans er að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Hópavinna

Í *hópavinnustundum* er unnið með verkefni sem kennarinn leggur fyrir börnin að vinna að og skapa. Hópavinna getur líka falið í sér markvissan leik; börnin spila saman og tjá sig um framvindu leiksins. Í *skapandi starfi* bæði innan dyra og utan tjá börnin sig um verkefni sín og afurðina sína. Þau endurskapa reynslu sína í skapandi starfi ekki síður en í hlutverkaleiknum.

Á hverju ári setur leikskólinn sér þema að vinna eftir. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp. Hópavinna fer fram einu sinni í viku að jafnaði. Leitast er við að sami starfsmaður vinni með sama hópinn allan veturinn. Börnin eru ýmist að spila spil undir leiðsögn kennara, eða þau búa til sögur og ýmist myndskreyta þau þær eða setja þær í leikbúning og sýna leikrit. Börnin sá fræjum og bera ábyrgð á umönnun plantna sinna. Þau fara í tónlistartíma og söngstundir. Leiklist er snar þáttur í starfi á eldri deild. Börnin endurvinnu ýmsan efnið og vinna með ljós og skugga, taka ljósmyndir og gera margvíslegar leikbrúður. Í hópastarfi fer fram félagsleg nám þjálfun

boðskipta. Börnin þurfa að framfylgja fyrirmælum, virða hin börnin þegar þau eru að tjá sig og framfylgja leikreglum í spilum og öðrum hópleikjum.

Náttúran og umhverfið er ríkur þáttur í allri sköpunarvinnu. Haustið er ríkulegasta árstíðin í þemavinnunni þá afla börnin sér efniviðar sem unnið er með yfir veturinn. Foreldrar eiga að geta fylgst með öllu sem börnin taka sér fyrir hendur í hópastarfinu á heimasíðu leikskólans.

Markmið hópavinnu eru að:

- byggja upp jákvæða sjálfsmynd barnsins
- efla sjálfstraust og trú á eigin getu
- barnið læri að starfa bæði sjálfstætt og í hóp að sameiginlegu markmiði
- auka félagsleg tjáskipti og samstarf meðal barnanna

Myndmennt

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín bæði í leiklist og myndlist og sköpunargleði þeirra njóti sín jafnt úti sem inni. Sjálft sköpunarferlið skiptir mestu máli. Á Sólvöllum er sérstakt rými fyrir fjölbreytt föndur og myndsköpun af ýmsum toga. Myndsköpun fer líka fram inni á deildum leikskólans.

Myndlistarstundir eru skipulagðar með það í huga að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið og verkfærum til myndsköpunarinnar. Börnin eru hvött til að prófa og gera tilraunir og að tjá sig um það sem þau eru að gera og reyna nýjar leiðir með vettvangsferðum.

Yngstu börnin hafa ekki þennan frjálsa aðgang að efnivið, en í skipulögðum vinnustundum njóta þau þess að handleika blýanta, margs konar gerðir af litum og penslum. Öll börnin hafa aðgang að heimatilbúnu leikdeigi sem er notaður eins og mótunarleir.

Skaftfell miðstöð myndlistar á Austurlandi er sótt heim og sýningar þar sóttar.

Hlutverk leikskólakennarans er að fylgjast með og grípa tækifærin þegar þeir sjá að forvitni barnanna er vakin og aðstoða þau og hvetja til að gera tilraunir og finna svör við spurningum sínum.

Meginmarkmið myndsköpunar eru að börnin:

- njóti þess að eiga aðild að og taki þátt í skapandi ferli
- kynnist fjölbreyttum efnivið til sköpunar
- viðhalda forvitni og frumkvæði barnanna
- heimsækja vinnustofur listamanna og kynnast starfi þeirra

Sagnaarfur – íslenskar barnabókmenntir

Í leikskólanum er rík hefð fyrir sögustundum. Börnin hlusta á ýmsar sögur, þjóðsögur og ævintýri. Leikskólinn er í góðu samstarfi við bókasafn bæjarins þar sem fram fer margvísleg fræðsla og miðlun menningar. Börnin læra íslenskar vísur og ljóð og ýmiss konar þulur bæði gamlar og nýjar. Íslenskar barnabækur eru sóttar á bókasafnið, en einnig er nokkurt safn bóka til í leikskólanum.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í íslenskri þjóðmenningu. Tónlistariðkun styrkir mjög hljóðkerfisvitundina og því er mikilvægt að börnin fái tækifæri til að syngja texta, klappa hryn

og hreyfa sig eftir hljóðfalli. Forskóli Tónlistarskóla Seyðisfjarðar starfar í leikskólanum, svokallað *Tónföndur*.

Vikulega taka börnin þátt í samsöng sem fer fram á hvorri deild fyrir sig. Hlutverk starfsmanna er að skapa tíma og rými fyrir börn til að njóta tónlistar og gera tilraunir með hljóðheiminn.

Markmið tónlistar eru að börnin:

- læri að syngja úrval vísna og söngva og fari með þulur í rytma og læri íslensk ljóð
- kynnist margvíslegum hljóðfærum og hljóðgjöfum
- þekki grunnþætti tónlistarinnar: hljóðhreyfingu, hryn og takt
- geti hlustað á stutt tónverk og rætt um þau
- geti notað og framleitt tónlist/ hljóð sér til ánægju

Upplýsingatækni og stafrænir miðlar

Í leikskólanum hafa börnin aðgang að rafrænum miðlum. Á eldri deild eru skjátölvur með áhugaverðum leikjaforritum sem þau skiptast á að leika sér með. Þau fá að taka myndefni á stafrænar myndavélar og vinna með það. Í skólanum er myndvarpi sem nýtist líka til myndsköpunar og annarra fjölbreyttra verkefna í stærðfræði.

Menning og samfélag

Leikskólastarf samofið þeirri menningu sem ríkir í starfsumhverfinu. Íslensk menning er því eðlilega lögð til grundvallar öllu leikskólastarfi sem rekið er af opinberu fé. Öll erum við þátttakendur í því samfélagi sem við búum í. Hefðir og siðir leikskólans eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans.

Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað er um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans. Ýmsar hátíðir og sérstakir séríslenskir dagar eru heiðraðir. Foreldrum og aðstandendum er reglulega boðið í leikskólann og gjarnan á slíkum sérstöku dögum. Dæmi um það eru *Dagar myrkurs* um miðjan nóvember, *bóndadagurinn* á fyrsta degi í þorra, *konudagurinn* í byrjun góu, *dagur leikskólans* 6.febrúar, *feðradagurinn* 8.nóvember og *mæðradagurinn* 10.maí.

Samstarf við nærsamfélagið

Seyðisfjörður er menningarsamfélag. Rík hefð er fyrir menningu og listum. Leikskólinn á mjög gott samstarf við stofnanir og ýmis fyrirtæki í bænum. Má þar helst nefna:

- Heilsugæslan á Seyðisfirði en hjúkrunarfærðingur skoðar börnin í leikskólanum
- Sjúkrahúsið á Seyðisfirði, Norðurhlíð, sem börnin heimsækja reglubundið yfir vetrartímamann
- Bókasafn bæjarins þar sem börnin koma í heimsóknir reglulega allan veturinn og njóta handleiðslu og fræðslu bókavardarins
- Tónlistarskólann í bænum sem kennir forskólanámið í leikskólanum
- Grunnskólann í bænum þar sem gott samstarf er við byrjendakennara grunnskólans og brúun skólastiganna

Börnin eiga líka aðgang að ýmsum fyrirtækjum í bænum og fara í heimsóknir á veitingahús og listsýningar.

Vettvangsferðir og könnunarleiðangrar eru þáttur í leikskólastarfinu en umhverfi leikskólans býður upp á einstaklega góða möguleika á fjöruferðum og fjallgöngum. Rysjótt veðurfar hamlar ekki endilega útvist á Sólvöllum. Börnin eru aðilar að grenndarsamfélaginu. Þau fara reglulega í heimsóknir á bókasafn bæjarins og einnig á eina deild HSA, Norðurhlíð sem er deild heilabílaðra. Þau heimsækja líka ýmsar stofnanir og fyrirtæki bæjarins.

6. Foreldrar og leikskólinn

Gott samstarf foreldra og leikskóla er mikilvæg forsenda fyrir vellíðan leikskólabarnsins. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að barn tekur meiri framförum og er líklegra til að ná betri árangri í öllu skólastarfi ef gott samstarf er á milli foreldra og starfsfólks. Foreldrar hafa því mikil áhrif á árangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Gagnkvæmur trúnaður og eðlileg samskipti eru forsenda þess að barninu líði vel. Starfsfólk er bundið þagnarskyldu.

Með virkri hlutdeild foreldra í skólastarfinu verður áhugi barnanna meiri, þau fá aukið sjálfstraust og þeim líður betur. Hlutdeild foreldra í menntun barna sinna hefur tvöfalt meira forspárgildi um námsárangur en félagsleg staða. Þegar skólar stuðla skipulega að samstarfi við foreldra eru dæmi um að áhrif þeirra séu allt að sexfalt meiri en aðrir áhrifaþættir.

Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í leikskólann og staldri við meðan tekið er á móti því. Það er ekki síður mikilvægt í lok dags að gefa barninu tíma til að hætta leiknum, hjálpa til við að ganga frá leikföngum og kveðja.

Leikskólakennarar og fagfólk vinnur jöfnum höndum við að opna leikskólann og loka honum. Þannig eiga foreldrar greiðan aðgang að þessum starfsmönnum skólans.

Markmið Sólvalla í foreldrasamstarfi eru:

- að skapa gagnkvæmt traust milli foreldra og starfsmanna
- að auka gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimilis og leikskóla
- að hafa ávallt velferð barnsins að leiðarljósi
- að bjóða foreldrum aðkomu að starfi leikskólans.

7. Mat á leikskólastarfi

Fræðslunefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Leikskólinn hefur þróað fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Matið á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins er sérhverju barni veitt námstækifæri og stuðningur við hæfi svo að það geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og

framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna.

Almennt þroskamat:

Deildarstjórar og kennarar framkvæma árlega almennt mat á þroska leikskólabarnanna og boða í kjölfar þess foreldra í viðtal þar sem þeim eru kynntar niðurstöðurnar. Auk þessa mats eru öll börn á öðru aldursári metin á málþroskaprófinu *Orðaskil* sem metur orðaforða og setningagerð. Ef útkoman er ófullnægjandi er beitt snemmtækri íhlutun til að örva barnið til máls og tjáningar. Börnin á fimmta aldursári fara öll í mat á hljóðkerfisvitund svokallað HLJÓM-2 próf. Þetta próf hefur forspárgildi fyrir gengi í lestri þegar í grunnskólann er komið. Prófið er eingöngu lagt fyrir elstu börnin í leikskólanum.

Sé ástæða til ítarlegra mats þá ræður leikskólinn yfir neðangreindum matstækjum:

- Íslenski þroskalistinn (almennt mat á hreyfi- og málþroska 3-6 ára barna),
- Smábarnalistinn (almennt mat á hreyfi- og málþroska 15-38 mánaða barna),
- TRAS greiningu (Tíðlig registrering af spákuðvikling), mál- og félagsþroski
- AAL (Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna).

Komi í ljós þörf á frekara mati er leitað til Skólaskrifstofu Austurlands sem leggur þá fyrir ítarlegri matslista og kemur með úrræði í samráði við foreldra og leikskólakennara/sérkennara.

Mat á félagsfærni og líðan barns í leikskóla:

Leikskólakennarar tóku upp nýja aðferð til að meta líðan og félagslega færni í vor sem leið. Fylgst var með barninu í leikaðstöðum og atferli, atburðarás og framvinda í leiknum skoðuð. Ýmist var setið inni hjá börnunum í leiknum og skráð niður, eða beitt stafrænum upptökum ýmist hljódupptökur, myndbandsupptökur eða röð mynda sem sýndu atferli og röð atburða.

Mat starfsmanna á leikskólastarfinu:

Hver deild metur vinnuaðferðir sínar á deildafundum jafnt og þétt fyrir veturinn, þó sérstaklega á haustin við undirbúning vetrarstarfsins. Á það við um ýmiskonar vinnuskipulag, hópastarf, samverustundir, viðburði og fleira.

Annað hvert ár eru lagðir fyrir gátlistar varðandi líðan í starfi, starfið á deildinni, viðhorf til stjórnenda (deildarstjóra og leikskólastjóra). Hitt árið notum við ECERS kvarða (Early Childhood Environment Rating Scale) til að meta leikskólastarfið og aðbúnað í leikskólanum.

Mat foreldra á leikskólastarfinu:

Á hverju vori eru lagðir fyrir foreldra rafrænir gátlistar, annars vegna til nýrra foreldra varðandi aðlögunina og hins vegar til annarra foreldra varðandi leikskólastarfið yfirleitt.

8. Lokaorð

Sérhverjum leikskóla er gert að vinna upp skólanámskrá út frá þeirri aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðherra setur skólunum að starfa eftir hverju sinni. Skólanámskráin á að tilgreina þau markmið sem skólinn setur sér að starfa eftir og hvernig skuli unnið að þeim. Um leið á hún að vera upplýsandi og fræðandi fyrir bæði starfsfólkið allt og foreldrana. Hún á að lýsa þeim starfsaðferðum í skólanum og þeim leiðum sem vil veljum til að ná settu marki.

Sérhver námskrá tekur mið af sérstöðu hvers skóla fyrir sig. Skólanámskrá þarf að vera lifandi tæki sem þarfnast stöðugar endurskoðunar. Hún er um leið sáttmáli starfsfólks og foreldra um það leikskólastarf sem fer fram í skólanum okkar.

Vinna við endurskoðun og endurnýjun skólanámskrárinnar hófst síðla árs 2013 lauk henni að mestu vorið 2014. Fagfólk leikskólans ásamt ýmsum leiðbeinendum tóku virkan þátt í gerð hennar. Hún var rædd á fundum með deildarstjórum og starfsmönnum þar sem þeim gafst kostur á að koma á framfæri skoðunum sínum og álitum. Foreldraráð leikskólans fékk námskrána í hendur í vetrarbyrjun sama ár og lauk það yfirferð sinni í febrúarbyrjun 2015. Umsögn foreldraráðsins er í fylgiskjali 2 hér á eftir.

Fylgiskjal 1.

Dagskipulag á Sólvöllum

07:45	Móttaka
Valtími	
08:30	Deildunum er skipt og börnin borða morgunverð.
09:00	Samvera.
07:45-09:30	Valtími
09:30-10:00	Samvera
10:00	Hópastarf
10:30	Yngri deild undirbýr hádegisverð og hvíld
11:00	Eldri deild undirbýr hádegisverð og hvíld/slökun.
11:00	Yngri deild borðar og leggst til hvíldar
11:30	Eldri deild borðar og leggst til hvíldar
12:00	Hvíld/slökun
13:00	Valtími
14:00	Undirbúningur fyrir síðdegishressinguna – hreinlæti – salerni
14:30	Síðdegishressing
15:00	Samvera
15:50	Ávextir og dagskrárlok undirbúin.
16:00	Deildir sameinaðar
16:15	Leikskólinn lokar.

Fylgiskjal 2

Fundur foreldraráðs, 5. febrúar 2015 kl. 21:30

Mættir: Sigríður Rún Tryggvadóttir, Elvar Már Kjartansson og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð

Fundargerð:

1. Umsögn varðandi skólanámsskrá Sólvala:

Ráðið las yfir og ræddi ítarlega um nýja skólanámsskrá Sólvala í ritstjórn Jóhönnu Thorsteinson, dagsett 20.11.2014. Nýja námsskráin spannar vítt svið og endurspeglar það góða starf sem er unnið á leikskólanum. Sérstaklega má hæla námsviðinu *Læsi og samskipti*, þar sem mikil áhersla er lögð á málrækt og markvissa málörvun. Einnig er námsviðið *Sköpun og menning* vel unnið og sérstaklega skýr námsmarkmið fyrir hvern undirkafla, sem mætti samræma og tilgreina í fleiri námsviðum. Ráðið bendir þó á að leiklist og dans ætti að vera lagt að jöfnu við hinar listgreinarnar.

Ráðið var sammála um að námskrá Sólvala ætti að vera einföld, skýr og aðgengileg fyrir starfsmenn og foreldra. Með það að leiðarljósi mætti leggja örlítið meiri vinnu í ritstýringu m.a. með því að stytta kaflann um fræðilegar kenningar og taka út endurtekningar. Einnig mætti athuga hvort ekki sé mögulegt að stytta og draga saman megináherslur í kaflanum um leiðarljós til að lesandinn geri sér grein fyrir kjarna skólastarfsins í fáum línunum. Ráðið bendir einnig á að kafla 4. 5. og 6. gætu sameinast í einn kafla með yfirheitinu *Stefna Sólvala*.

Undir námsviðinu *Heilbrigði og vellíðan* voru nokkir atriði sem mætti færa undir kafla 7. *Námsumhverfi*. Ráðið leggur til að mun meira verði lagt upp úr hreyfingu innan- og utandyra innan þess sviðs, eða jafnvel sem nýtt námsvið. Hreyfipörf leiksskólabarna er gríðarlega mikilvægt að hlúa að, sérstaklega þegar vetrar eru langir, og stuðla þannig að betri líkamsgreind.

Aðrar minniháttar tillögur sem komu fram voru:

- *Dagleg ummönnun* á bls. 13 mætti færa undir *Málrækt*
- *Vettvangsferðir* á bls. 15 og *Samstarf við nærsamfélagið* á bls. 18 mætti sameina.
- *Hópavinna* á bls. 13 og *Hópastarf – þemavinna* á bls. 16 megi sameina.

Með þann fjölbreytta og hæfa hóp stjórnenda, kennara og starfsfólks leikskólans væri gaman að sjá stærri og róttækari skref næst þegar námskráin er yfirfarin. Sterkur grundvöllur að nútímasamfélagi er metnaðarfullt og framsækið skólastarf sem kristallast í skólanámsskránni.

Fleiri ekki tekið fyrir á fundinum

Fundi slitið 23:17